

HAFNARFJÖRÐUR

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir Seltún í Krýsuvík

I. hluti.



Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

20 _____ Byggðasafn Hafnarfjarðar 2014

Fornleifaskráning

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Seltún-Krýsuvík söglegt yfirlit.	3
Seltún	4
Brennisteinsnámur	5
Seltún, fornleifaskrá 2014.	7
Niðurstöður:	18
Samantekt á niðurstöðum.....	20
Heimildaskrá	22
Loftmynd af skipulagssvæðinu með fornleifunum merktum inn.....	23

Inngangur

Að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs var óskað eftir því við Byggðasafn Hafnarfjarðar að yfirfara skráningu fornleifa á deiliskipulagssvæði sem er fyrirhugað fyrir Seltún í Krýsuvík. Starfsmaður Byggðasafns Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur fór á vettvang 10. apríl 2014 og skráði 22 fornleifar.

Deiliskipulagið er unnið af Landmótun: Deiliskipulag fyrir Seltún í Krýsuvík 2013. Höfundar eru Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir. Sjá loftmynd þar sem deiliskipulagið er afmarkað ásamt fornleifunum.

Fyrri fornleifaskráningar í Krýsuvík eru:

Agnes Stefánsdóttir 2008. Fornleifaskráning fyrir Krýsuvík og Trölladyngju.

Bjarni f. Einarsson Fornleifafræðistofan 1998.

Þóra Pétursdóttir 2004. Fornleifastofnun Íslands FS244-02153 Fornleifaskráning í Grindavík 3. áfangi.

Vegna fyrirbyggjandi deiliskipulags og að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands, er í þessari skýrslu einungis fjallað um þær fornleifar sem gætu verið í beinni hættu, vegna deiliskipulagsins. Stefnt er að því að gerð verði grein fyrir öllu deiliskipulagssvæðinu hvað varðar fornleifar svo fljótt sem unnt er.

Af þeim 22 fornleifum sem skráðar voru eru 11 fornleifar sem gætu verið í hættu vegna deiliskipulagsins. Þær hafa eftirfarandi númer í fornleifaskráningunni:

**GK 001-015, - GK 001-016, - GK 001-017, - GK 001-022, - GK 001-023,
GK 001-024, - GK 001-025, - GK 001-026, - GK 001-027 - GK 001-029, - GK 001-031.**

Hafnarfjörður 10. maí 2014.
Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur.

Seltún-Krýsuvík söglegt yfirlit.

Um landnám í Krýsuvík eru Sturlubók og Hauksbók sammála og segja: „Þórir haustmyrkr nam Selvág ok Krýsuvík, en Heggr son hans bjó at Vági.“¹ Af því má áætla að Þórir hafi sjálfur búið í Krýsuvík.

¹ Íslensk fornrit I, bls. 392-393 (S 392-94, H 348-51)

Staðsetning allra lögbýlanna í hreppnum er kunn, enda var búið á þeim öllum fram á 20. öld. Enn er búið á Járngerðarstöðum, Hópi, Þórkötlustöðum og Hrauni, þótt búskapur sé þar ekki mikill. Staður fór í eyði árið 1964, og hafa flestöll hús þar verið rifin og tún að miklu leyti sléttuð. Þar er þó enn kirkjugarður Grindvíkinga, þótt sóknarkirkja hafi ekki verið þar síðan 1909. Á Húsatóptum hefur ekki verið búið síðan 1946, en þar er nú Golfvöllur Grindvíkinga og er heimatúnið því meira og minna rennislétt.

Frá fornu fari og allt til ársins 1946, þegar hluti Krýsuvíkurlands var innlimaður í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, náði Grindavíkurhreppur yfir tvær kirkjusóknir. Þetta voru Staðarsókn að vestan og Krýsuvíkursókn að austan. Staðarsókn, eða Grindavíkursókn eins og hún var einnig nefnd, teygði sig á milli Valahnúks að vestan að Selatöngum að austan. Miðuðust sóknarmörkin við klett í fjöruborðinu sem nefndur var Dágon, og náði Krýsuvíkursókn frá honum og austur að Seljabótarnefi.² Allir bæirnir nema Krýsuvík, þ.e. Húsatóptir, Járngerðarstaðir, Hóp, Þórkötlustaðir, Hraun og Ísólfskáli ásamt hjáleigum áttu kirkjusókn að Stað. Var því um langan kirkjuveg að fara, sérstaklega fyrir austustu bæina, Ísólfskála og Hraun. Krýsuvík þjónaði heimilisfólki sínu og hjáleigum auk þeirra sem dvöldu í verstöðinni á Selatöngum.

Jarðartal Johnsen frá 1847 segir um Krýsuvík: Krýsuvík er kirkjujörð. Dýrleiki er 31^{1/3}, landskuld 1.30 kúgildi 3, ábúendur 2 leiguliðar.

Sýslumaður nefnir aðeins 7 leiguliða á Krýsuvík allri, en prestur telur hjáleigurnar sem hér og verða eftir því 11 leiguliðar á allri torfunni. "Enar 3 seinustu töldu hjáleigur nefnir engin jarðabók en á hinum hjáleigunum er lsk. og kúg. Hér höfð eftir A.M. Í Krýsuvík eru brennisteinsnámur, ókyrtar".³

Seltún

Seltún er við samnefnt hverasvæði fast vestan við þjóðveginn um miðja vegu milli syðsta hluta Kleifarvatns og Krýsuvíkurskóla. Þarna er mikið jarðhitasvæði sem teygir sig upp í gilið ofan við. Umhverfis hverasvæðið, vestan vegarins eru sléttuð tún.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703⁴ segir: "Selstöður tvær á jörðin, aðra til fjalls en aðra nálægt sjó, báðar merkilega góðar. Og mega þær nýta hjáleigumenn og bóndi",

Í örnefnalýsingu er Seltúni lýst á eftirfarandi hátt: "Austan undir Hatti er hvammur sá, sem heitir Seltúnshvammur. Er komið niður í hann, þegar Ketilstígur er farinn, er síðar getur. Í hvamminum er Seltúnið. Þar eru nokkrir leirhverir, sumir dauðir, en í öðrum kraumar. Úr gili milli Hatts og Seltúns kemur Seltúnslækur, sem rennur um alldjúpt gil á jafnsléttu, Selgil. Þarna eru Seltúnshverir." ⁵

² Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*, bls. 9-11

³ J. Johnsen 1847. *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.

⁴ Jarðabók Árna og Páls - JAM III, bls. 7

⁵ Ari Gíslason Krýsuvík bls 12. (193)

Jónas Hallgrímsson segir í lýsingu á brennisteinsnámunum frá 1840: "Þeir nefnast yfirleitt Seltúnshverir, því þar var selstaða fyrrum." ⁶ - Ritverk III, 366.

Brennisteinsnámur

Í örnefnskrá segir: "Framan við Seltúnið eru Brennisteinshúsarústir. Eru þær á Seltúnsbarði sem er sunnan gilsins. Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19 öld. Voru þeir líka í Brennisteinsfjöllunum." ⁷

Í ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1756 segir. "Brennisteini hefir verið safnað hér til útflutnings, og hlutafélagið íslenzka hefir nú um nokkur ár látið hreinsa hann þar á staðnum. Brennisteinninn hittist að vísu í kringum hverina á láglandinu, en langmest er þó af honum þar, sem eru langir ásar af lituðum leirtegundum ... Hveralandinu er skipt í tvö svæði. Annað heitir Heimanámar, þar sem brennisteinninn er. Það er sunnar, nær bænum og sjónum", Einnig segja þeir frá landskjálfta sem varð þarna veturinn 1754-55 "og héldu þeir, sem þá voru staddir þar í brennisteinskofunum, að þeir mundu hrynja." ⁸

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir: "Í Krýsuvík eru brennisteinsnámur, óyrktar." ⁹

Getið er um brennisteinsnámurnar í Seltúni í rituðu máli af erlendum ferðalöngum sem hér hafa farið um. Þar á meðal er almenn lýsing af námunum hjá Kálund og jafnframt að þær séu ónotaðar, en hann ferðaðist um landið 1872-1874. ¹⁰

Þá er ítarleg lýsing af brennisteinsnámunum í skýrslu Ole Henschels frá 1775. Þar lýsir hann staðsetningu brennisteinshúsanna á 18. öld ¹¹

William Hooker lýsir námunum 1809 - Ferð um Ísland 1809 ¹²,

Henry Holland lýsir brennisteinsnámunum svo árið 1811:

"Hverirnir, ásamt brennisteinsnámunum, sem eru í sambandi við þá, liggja uppi í hlíðinni á ásum og hæðum um tvær mílur norðaustur frá Krýsuvíkurbæ. Gulu skellurnar umhverfis þá ásamt gufumökkunum, sem stíga upp frá þeim, sjást greinilega úr margra mílna fjarlægð. Þannig sáum við til þeirra, þegar við sigldum meðfram ströndinni á leið okkar til Krýsuvíkur. Þyrturinn úr hverunum heyrðist greinilega heim í Krýsuvík." Nánari lýsing- Dagbók í Íslandsferð 1811. ¹³.

⁶ Jónas Hallgrímsson Ritverk III, bls. 366; Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík, 1989.

⁷ Ari Gíslason, Krýsuvík. bls. 10 (192-198)

⁸ Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II, Reykjavík, 1943.

⁹ J. Johnsen Jarðatal 1847.

¹⁰ Kálund, P. E. Kristian: Íslenskir sögustaðir I, bls. 29, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík, 1984-86.

¹¹ Ólafur Olavíus: Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II, bls 261-274. Brennisteinshúsin bls. 270. Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík, 1964-65.


¹² Hooker, William Jackson: Ferð um Ísland 1809, bls 145-50. Arngrímur Thorlacius þýddi, (án útgst.) 2000.

¹³ Holland, Henry: Dagbók í Íslandsferð, 83-84 (+84-87). Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík, 1960

Jónas Hallgrímsson lýsir námunum 1840¹⁴ -

¹⁴ Ritverk Jónasar Hallgrímssonar III, 366-368. Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík, 1989,

Seltún, fornleifaskrá 2014.



Horft til austurs yfir skurðinn og fyrirhleðsluna. Teikning af hleðslunni í skurðinum.

GK 001-015

Tegund Hleðsla og skurður

Hlutverk Fyrirhleðsla.

Isnet 380436,06 350015,00

Aldur 1550-1900

Ástand Vel greinanleg fornleif.

Hættumat Hætta.


Hættuorsök Vegna rasks.

Staðhættir Frá Kísilhól í norður er um 12-15 m í fyrirhleðsluna sem er í uppgrónum skurði sem liggur í landinu í austur-vestur.

Lýsing Uppgróinn óreglulega lagaður skurður um 1 m djúpur og um 2-3 m breiður og um 30 m langur, liggur í landinu austur-vestur. Nær vesturenda hans er fyrirhleðsla sem eru tveir samhliða garðar um 2-3 m breið og um 0.30 m á hæð. Milli garðana er einskonar op sem er um 0.50 m breitt og um 0.30 m djúpt. Garðarnir eru mosa- og grasisvaxnir.



Horft til vesturs yfir tóftina.




Teikning af tóftinni.

Tegund	Tóft
Hlutverk	Óþekkt.
Isnet	380446,76 350026,76 a;380440,63 350027,20
Aldur	1550-1900
Ástand	Greinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Frá Kísilhól í norður er um 12-15 m skurði sem liggur í landinu í austur-vestur. Frá austurhluta skurðsins er um 10 m í tóftina.
Lýsing	Tóftin liggur í þýfðu landinu, og rennur nokkuð saman við landið sem þarna er. Veggir eru mosa- og grasivaxnir, um 0.15 m á hæð, og um 1 m á breidd. Þar sem skoðun fornleifa fór fram að vori til má greina að út frá tóftinni til austurs er landið ívið grænna en fjær tóftinni.



Horft í austur yfir tóftina.



Teikning af tóftinni.

Tegund	Tóft
Hlutverk	Óþekkt.
Isnet	380425,86 349911,26
Aldur	1550-1900.
Ástand	Greinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna framkæmda við göngustíg.
Staðhættir	Tóftin er um 4-5 m norðan og aðeins neðar í landinu við malarstíginn sem liggur að grasivöxnu svæði sem teygir sig inn að suðvesturhlið Seltúsnegils.
Lýsing	Innri lögun tóftarinnar er mjög óljós, en þó má sjá geil í mðjunni sem er um 2-3 m löng og um 1 m á breidd, hæðin um 0.25 m. Ytri mörk í suður og norður renna að mestu saman við landið í kring. Tóftin hallar aðeins til austurs, Hleðsluhæð er um 0.40- 0.50 m. Tóftin er mosa- og grasivaxin, og ekki sést í hleðslur.



Horft til norðausturs yfir tóftina.

Tegund	Tóft.	
Hlutverk	Fjárhús, sel.	
Isnet	380290,87	349896,70
Aldur	1550-1900.	
Ástand	Illgreinanleg fornleif.	
Hættumat	Hætta.	
Hættuorsök	Vegna rasks.	
Staðhættir	Frá Fúlutjörn eftir þjóðveginum í suðvestur um 60 m, þá í vestur inn að landinu um 180 m, þar sem Seltúnslækur rennur um landið austur-vestur. Um 100 m eru í lækinn í norður.	
Lýsing	Tóftin er í smá halla á móti suðri, um 1,5 m er í siginn túngarðinn sem liggur austur-vestur ofan við tóftina. Tóftarleifarnar eru allt að því hringlaga, mosa- og grasivaxnar og ekki hægt að greina veggj innan hringsins, ytri veggir renna saman við landið í kring að mestu, Hleðsluhæð er um 0.20-0.25 m.	
Athugasemdir	Það má ætla að rutt hafi verið úr tóftinni á einhverjum tíma miðað við það hvað hún er jöfnuð í landinu.	




Horft til austurs að garðinum sem liggur undir brekkunni.

Tegund	Garðlag.
Hlutverk	Túngarður.
Isnet	380290,00 349894,99 a)380263,29 349900,83 b)380253,01 349903,75 c)380233,79 349898,32
Aldur	1550-1900
Ástand	Illgreinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Frá Fúlutjörn eftir þjóðveginum í suðvestur um 60 m, þá í vestur inn að landinu um 180 m, þar sem Seltúnslækur rennur um landið austur-vestur. Að læknum eru um 100 m í norður.
Lýsing	Túngarðurinn liggur austur-vestur í landinu, undir fjallshlíðinni. Hann er mjög siginn í landinu, og hverfur alveg að hluta til. Túngarðsstæðið er um 50 m langt á þessu afmarkaða svæði, og af því eru við austurenda garðsins um 10 m innan deiliskipulagssvæðisins og af þeim eru um 5 m sýnilegir. Austurendi garðsins rennur hann saman við smá hækkun sem er í landinu, og heldur svo áfram til austurs. Vesturendi garðsins er um 40 m og er vel sýnilegur nema um 5-6 m þar sem hann kemur inn á deiliskipulagssvæðið. Hleðsluhæð er um 0.25 m, breidd um 0.50 m.



Horft til austurs yfir tóftarleifarnar.
Túngarðurinn er ofan við undir brekkurótum.



Teikning af tóftarleifunum.

Tegund	Tóft.
Hlutverk	Fjárhús, sel.
Isnet	380272,79 349902,01
Aldur	1550-1900.
Ástand	Illgreinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Frá Fúlutjörn eftir þjóðveginum í suðvestur um 60 m, þá í vestur inn að landinu um 180 m, þar sem Seltúnslækur rennur um landið austur-vestur.
Lýsing	Tóftin er í smá halla á móti suðri, um 1 m í norður og ofan við tóftarleifarnar er siginn túnagaður, en hann liggur í austur-vestur í landinu. Tóftarleifarnar eru mjög óljósar, en hægt að merkja þrjá aðskilda garða sem liggja í suður norður í smá halla. Þessir garðar eru mosa- og grasivaxnir og mjög signir. Hleðsluhæð er um 0.20 m.
Athugasemdir	Það má ætla að rutt hafi verið úr tóftinni á einhverjum tíma miðað við það hvað hún er jöfnuð í landinu.



Horft til austurs, yfir tóftarleifarnar sem eru afmarkaðar grænar.

Tegund	Tóft
Hlutverk	Fjárhús, sel.
Isnet	380251,40 349914,77
Aldur	1550-1900.
Ástand	Illgreinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Frá Fúlutjörn eftir þjóðveginum í suðvestur um 60 m, þá í vestur inn að landinu um 180 m, þar sem Seltúnslækur rennur um landið austur-vestur. Um 100 m eru í lækinn í norður.
Lýsing	Tóftarleifarnar eru um 10 m frá túngarði í austur. Tóftarleifarnar eru allt að því hringlaga og renna ytri kantar saman við landið í kring. Stærð flatarins er um 4x5 m, og er mosa- og grasivaxinn. Það má ætla að rutt hafi verið úr tóftinni á einhverjum tíma miða við það hvað hún er jöfnuð í landinu.
Athugasemdir	Það má ætla að rutt hafi verið úr tóftinni á einhverjum tíma miða við það hvað hún er jöfnuð í landinu.




Horft til vesturs yfir brunnstæðið.

Tegund	Brunnur.
Hlutverk	Brunnur.
Isnet	380245,16 349923,24
Aldur	1550-1900.
Ástand	Greinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Frá Fúlutjörn eftir þjóðveginum í suðvestur um 60 m, þá í vestur inn að landinu um 180 m, þar sem Seltúnslækur rennur um landið austur-vestur. Um 100 m eru í lækinn í norður. Brunnurinn er í túninu neðan og austan við þrjú tóftarbrot sem eru að hluta til utan í túngarðinum sem hefur afmarkað túnið í norður-suður.
Lýsing	Brunnopið er um 2x3 m það er lokað með einhverkonar bjálkum sem eru mosavaxnir. Ekki sést í neinar hleðslur við brunnopið, sem er þó vel afmarkað í landinu.
Athugasemdir	Það má ætla að rutt hafi verið yfir brunninn á einhverjum tíma miða við það hvað hann er jafnaður í landinu.



Horft yfir tóftina og garðlagið til vesturs.




Teikning af tóftinni.

Tegund	Tóft
Hlutverk	Óþekkt.
Isnet	380433,62 350183,54 a)380431,44 350179,99 b)380436,78 350177,83 c)380432,14 350180,35
Aldur	1550-1900.
Ástand	Vel greinanleg fornleif.
Hættumat	Hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks, vegagerðar.
Staðhættir	Frá gatnamótunum að Seltúni er tóftin um 20 m eftir veginum og þá er hún um 10 m í suður og um 3-4 m neðar í landinu en núverandi vegstæði að Seltúni og liggur niður að rennislæk frá brennisteinsnámunum.
Lýsing	Tóftin er mjög grasivaxin, og hallar aðeins til austurs í smá brekku. Tóftin skiptist í innra hólf og fyrir framan það er annað hólf sem er opið til suðvesturs, um 2 m frá tóftinni til austurs er garðlag sem er stakt en hefur e.t.v. tengst tóftinni með lengra garðlagi. Ytri veggjahæð á austurhlið er um 1 m, en annars um 0.50 m og rennur saman við landið til suðurs. Hæð garðlagsins er um 0.60 m.



Horft til vesturs yfir undirstöður.



Teikning af undirstöðunum.

Tegund	Undirstöður, undir skúrbyggingu.
Hlutverk	Geymsluskúr, undirstöður.
Isnet	380479,51 350169,21 a) 380481,98 350168,54 b) 380485,62 350174,54 c) 380479,47 350174,53
Aldur	1900.
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar.
Hættumat	Hætta, vegna gerð bílastæðis.
Hættuorsök	Vegna framkæmda við göngustíg.
Staðhættir	Um 60 m eftir núverandi aðkeyrslu að Seltúni, þá um 3 m í austur frá hlið stólpa sem er austan vegarins.
Lýsing	Óljósir hleðsluveggir sem eru mjög grasivaxnir renna saman við þýfið landið. Veggjaþykkt um 0.20 m, breidd um 0.30-0.50 m.
Athugasemdir	Samkvæmt heimildarmanni var þarna skúrbygging sem fauk um 1980 af undirstöðum sínum. Skúrin var byggð sem geysmluskúr.
Heimild	Heimildarmaður: Jónatan Garðarsson apríl 2014.



Horft í norðnorðvestur. Ljósmynd Landmótun 2013.

Heiti	Ketilsstígur.
Tegund	Gata.
Hlutverk	Leið.
Ísnet	1. 350132,0 380561,5 2. 350130,5 380571,0 3. 350124,3 380587,2 4. 350117,7 380597,5 5. 350108,2 380606,3 6. 350088,1 380614,6 7. 350056,1 380622,4 8. 350043,2 380627,5 9. 350029,8 380636,3 10. 350008,8 380656,8 11. 349995,4 380669,5
Aldur	1550-1900.
Ástand	Vel greinanlegt.
Hættumat	Engin hætta.
Hættuorsök	Vegna rasks.
Staðhættir	Í brekku í norðnorðvestur upp frá aðstöðuhúsum við Seltún. Þar liggur Ketilstígur upp fjallið nokkuð greinilegur.
Lýsing	Stígurinn er all vel sýnilegur malarvegur, án þess að það hafi verið borið efni í hann. Hann hefur fengið að mótast áfram í gegnum tíðina. Hann er um 0.40-0.50 m breiður, og er nokkuð vel afmarkaður í landinu, um 0.10-0.20 m djúpur.
Athugasemdir	Að sögn hönnuða svæðisins er ekki gert ráð fyrir að bera í Ketilstíg eða móta hann á nokkurn hátt frá því sem hann er. Að vísu er gert ráð fyrir að bæta úr merkingu stígsins frá því sem nú er og verður sett upp nýtt skilti á sama stað og núverandi skilti er núna.
Heimild	Landmótun: Greinagerð um með deiliskipulagi 2013. Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir.

Niðurstöður:

- Fornleif GK 001-015** **Uppgróinn óreglulega lagaður skurður** um 1 m djúpur og um 2-3 m breiður og um 30 m langur, liggur í landinu austur-vestur. Nær vesturenda hans er **fyrirhleðsla** sem er í tveimur samhliða gördum um 2-3 m breið og um 0.30 m á hæð. Milli garðanna er op sem er um 0.50 m breitt og um 0.30 m djúpt. Garðarnir eru mosa- og grasivaxnir. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nestislaut í um 10 m fjarlægð frá skurðinum og fyrirhleðslunni sem gæti valdið raski á staðnum.
- Fornleif GK 001-016** **Tóftin** liggur í þúfóttu landinu, og rennur nokkuð samna við landið sem þarna er. Veggir eru mosa- og grasivaxnir, um 0.15 m á hæð og um 1 m á breidd. Þar sem skoðun fornleifa fór fram að vori til má greina að út frá tóftinni til austurs er landið ívið grænna en fjær tóftinni. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nestislaut alveg við norðvesturhlið tóftarinnar sem mundi valda raski á tóftinni.
- Fornleif GK 001-017** **Tóft** er nú um 4 -5 m í vestur frá göngustíg sem liggur nú þegar um svæðið. Tóftin liggur aðeins neðar í landinu en stígurinn og er því ekki í beinu sambandi við hann. Hún er því ekki í beinni hættu nema einhverjar framkvæmdir yrðu við stíginn.
- Fornleif GK 001- 022** **Tóft** frá henni er um 1.5 m í túngarð sem liggur í austur-vestur við tóftina. Tóftarleifarnar eru hringlaga mosa- og grasivaxnar. Þar sem tóftin er allt að því horfin í landið má ætla að rutt hafi verið úr henni á einhverjum tíma. Um 10 m í austur frá tóftinni hefur myndast gönguleið í gegnum landið. Tóftin er ekki í beinni hættu nema ef þessi gönguleið breytist af manna- eða framkæmdavöldum. En ekki stendur til að gera meira úr þessari leið frá hendi höfunda.
- Fornleif GK 001-023** **Túngarður** liggur austur-vestur í landinu undir fjallshlíð. Hann er mjög siginn og hverfur alveg að hluta til, eins og það hafi verið rutt úr honum eða hleðslugrjót tekið úr honum og sett eitthvað annað. Túngarðsstæðið er um 50 m langt, en ekki samfellt. Endar garðsins til austurs og vesturs eru heillegastir. Frá vesturhluta garðsins er um 10 í gönguleið sem liggur allt að því samhliða garðstæðinu. Túngarðurinn er ekki í beinni hættu nema ef til framkæmda kæmi við göngustíginn. Ekki stendur til að gera meira úr þessari leið að sögn höfunda deiliskipulagsins. Aðeins um 10 m túngarðsins lenda innan deiliskipulagsvæðisins.
- Fornleif GK 001-024** **Tóft**, frá henni er um 1 m í túngarðinn (GK 001-023) sem er norðan og ofan við tóftarleifarnar. Tóftin er mjög óljós í landinu en þó er hægt er að merkja þrjá aðskilda garða sem liggja suður-norður. Tóftarstæðið er allt að því hringlaga og er mosa- og grasivaxið. Frá tóftinni eru um 8-9 m í austur er gönguleið sem hefur myndast í gegnum landið.

Tóftin er ekki í beinni hættu nema ef þessi gönguleið breytist af manna- eða framkæmdavöldum. Ekki stendur til að gera meira úr þessari leið frá hendi höfunda. Tóftin er á suðurmörkum áætlaðs deiliskipulagssvæðis.

- Fornleif GK 001-025** **Tóftin** um 10 m frá túngarði (GK 001-023) í austur. Tóftarleifarnar eru allt að því hringlaga og renna ytri kantar saman við landið í kring. Stærð flatarins er um 4x5 m, og er mosa- og grasivaxinn. Ætla má að rutt hafi verið úr tóftinni á einhverjum tíma miðað við það hvað hún er jöfnuð í landinu. Tóftin eða tóftarleifarnar eru um 3-4 m í norðaustur frá gönguleið sem hefur myndast í gegnum landið. Tóftin er ekki í beinni hættu nema ef þessi gönguleið breytist af manna- eða framkæmdavöldum. Ekki stendur til að gera meira úr þessari leið frá hendi höfunda deiliskipulagssvæðisins. Lega tóftarinnar er fyrir utan suðurmörk deiliskipulagssvæðisins sem hér er til skoðunar.
- Fornleif GK 001-026** **Brunnur.** Brunnopið er um 2 x 3 m, það er lokað með einhverkonar bjálkum sem eru mosavaxnir, ekki sést í neinar hleðslur við brunnopið, sem er þó vel afmarkað í landinu. Brunnurinn er ekki í beinni hættu, en í norðaustur frá brunnum er gönguleið sem hefur myndast í gegnum landið. Ekki stendur til að gera meira úr þessari leið frá hendi höfunda deiliskipulagssvæðisins. Lega brunnsins er fyrir utan suðurmörk deiliskipulagssvæðisins sem hér er til skoðunar.
- Fornleif GK 001-027** **Tóftin** er mjög grasivaxin, og hefur ekki haldið sínu upprunalega formi. Tóftin skiptist í innra hólfið og fyrir framan það er annað hólfið sem er opið til suðveturs, um 2 m frá tóftinni til austurs er garðlag sem er stakt en hefur e.t.v. tengst tóftinni með lengra garðlagi.
- Fornleif GK 001-29** Óljósir **hleðsluveggir** sem eru mjög grasivaxnir renna saman við þýfið landið. Veggjaþykkt um 0.20 m. breidd um 0.30-0.50 m. Hleðsluveggir þessir eru frá yngri skúrbyggingu sem f auk árið 1980. Hleðsluveggir eru ekki eldri en frá síðustu öld, en ekki eru heimildir um byggingu á þessum stað áður.
- Fornleif GK 001-32** **Ketilstígur** er vel sýnilegur og vel afmarkaður malarslóði, en ekki hefur verið borið í veginn efni til að halda honum við. Hann hefur fengið að mótast í gegnum tíðina. Að sögn hönnuða svæðisins er ekki gert ráð fyrir að bera í Ketilstíg eða móta hann á nokkurn hátt frá því sem hann er núna. Að vísu er gert ráð fyrir að bæta úr merkinu stígsins frá því sem nú er og verður sett upp nýtt skilti með upplýsingum á sama stað og núverandi skilti er núna.

Samantekt á niðurstöðum

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Seltún, er hér gerð grein fyrir þeim fornleifum sem koma beint að fyrirhuguðu skipulagi og gætu raskast vegna þess. Fornleifar sem hér er gert grein fyrir hafa ekki verið skráðar í fyrri fornleifaskrár fyrir Seltún. Gerð verður grein fyrir öllu deiliskipulagssvæðinu hvað varðar fornleifar svo fljótt sem hægt er.

Vegna mikillar umferðar ferðamann um hverasvæðið í Seltúni þótti mjög tímabært að bæta alla aðstöðu á svæðinu, m.a. með bætum stígum, aðstöðu fyrir gesti staðarins til að setjast niður og matast, og koma fyrir upplýsingaskiltum til glöggvunar á umhverfinu. Deiliskiplagsvinna svæðisins var unnin af Landmótun. Þær fornleifar sem beint koma að fyrirhuguðu deilsikipulagsvæði, og gætu orðið fyrir raski eru eftirfarandi:

Fornleif GK 001-015. Fornleif GK 001-016.

Uppgróinn óreglulega lagaður skurður með fyrirhleðslu **Fornleif GK 001-016.**

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nestislaut í um 10 m fjarlægð frá skurðinum og fyrirhleðslunni, þetta gæti valdið raski á staðnum.

Allt að því á sama stað eru tóftarleyfar **Fornleif GK 001-016.** Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nestislaut alveg við norðvestur hlið tóftarinnar sem mundi valda raski á tóftinni.

Þarna mætti færa nestislautina frá áðurnefnum fornleifum svo þær yrðu ekki fyrir raski. Viðmiðun eru 15 m frá ystu mörkum fornleifa til að valda ekki raski, en þarna eru alveg möguleiki að færa nestislautina lengra til vesturs.

Fornleif GK 001-017 þarna er tóft sem er um 4-5 m í vestur frá göngustígnum sem liggur nú þegar um svæðið. Tóftin er ekki í beinni hættu þar sem hún er nokkuð neðar í landinu en stígurinn og er því ekki í beinu sambandi við hann. Ef einhverja hluta vegna kæmi til einhverra framkvæmda í eða við stíginn, væri möguleiki að gera það á þeirri hlið stígsins (austurhlið) sem er fjær tóftinni.

Fornleif GK 001- 022. Fornleif GK 001-023. Fornleif GK 001-024. Fornleif GK 001-025. Fornleif GK 001-026.

Þessar fornleifar eru allar staðsettar nálægt gönguleið sem hefur myndast í landinu. Leiða má líkum að því að þarna hafi verið sel, þar sem fornleifarnar eru á afmörkuðu svæði og skipan tófta brunns og túngarðs renna stöðum undir seljabúskap.

Það eru þrjár fornleifar sem eru innan marka deilsikipulagsins.

Það er **tóft GK 001- 022, túngarður GK 001-023, tóft GK 001-024.** Þessar fornleifar eru ekki í beinni hættu nema ef þessi gönguleið breytist af manna- eða framkæmdavöldum. Ekki stendur til að gera meira úr gönguleiðinni í deiliskipulaginu sem liggur fyrir.

Þá eru tvær fornleifar **tóft GK 001-025 og brunnur GK 001-026.** sem ekki eru innan deilsikipulagsins, en tengjast saman við GK 001- 022, GK 001-23 og GK 001-024. Þessar fornleifar eru ekki í beinni hættu nema ef gönguleiðin breytist af manna- eða framkæmdavöldum. Ekki stendur til að gera meira úr gönguleiðinni í deiliskipulaginu sem liggur fyrir.

Fornleif GK 001-027

Tóftin er um 20 m eftir núverandi vegi frá gatnamótum að Seltúni og síðan um 10 m í suður og liggur aðeins neðar í landinu. Samkvæmt deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir að suðurhlið vegastæðisins breytist, svo tóftin ætti ekki að vera í beinni hættu vegna framkvæmda sem verða við norðurhlið vegstæðisins,

Fornleif GK 001-29

Samkvæmt deiliskipulaginu eru óljósir hleðsluveggir innan um þýfið landið þar sem er fyrirhugað bílastæði.

Hleðsluveggir þessir eru frá yngri skúrbyggingu sem fauk af stað sínum árið 1980. Hleðsluveggirnir eru ekki eldri en frá síðustu öld, en ekki eru heimildir um byggingu á þessum stað áður.

Fornleif GK 001-32

Ketilstígur er vel sýnilegur og afmarkaður malarslóði. Ekki hefur verið borið í veginn efni til að halda honum við, en hann hefur fengið að mótast í gegnum tíðina.

Að sögn hönnuða svæðisins er ekki gert ráð fyrir að bera í Ketilstíg eða móta hann á nokkurn hátt frá því sem hann er núna. Að vísu er gert ráð fyrir að bæta úr merkingu stígsins frá því sem nú er og verður sett upp nýtt skilti með ítarlegri upplýsingum á sama stað og núverandi skilti er núna.

Heimildaskrá

Ari Gíslason, Krýsuvík, bls. 10 (192-198), 12 (193) Örnefnskrá. Örnefnastofnun Íslands.

Árni Magnússons og Pál Vidalín Jarðabók 1703 - JÁM III, bls. 7.

Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar Ferðabókum ferðir þeirra á Íslandi árin

1752-1757 I-II, Reykjavík, 1943

Hooker, William Jackson: Ferð um Ísland 1809, bls. 145-50.

Arngrímur Thorlacius þýddi, (án útgst.) 2000.

Holland, Henry: Dagbók í Íslandsferð, 83-84 (+84-87). Steindór Steindórsson þýddi,

Reykjavík, 1960.

Íslenzk fornrit I, bls. 392-393 (S 392-94, H 348-51).

Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800, bls. 9-11, 77

Jón Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn, 1847.

Jónas Hallgrímsson Ritverk III, bls. 366; Ritsstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn

Yngvi Egilsson, Reykjavík, 1989.

Kålund, P. E. Kristian: Íslenskir sögustaðir I, bls. 29, Haraldur Matthíasson þýddi,

Reykjavík, 1984-86.

Ólafur Olavius: Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum

Íslands 1775-1777 I-II, bls. 261-274. Brennisteinshúsin bls. 270. Steindór Steindórsson

þýddi, Reykjavík, 1964-65.

Örnefnaskrá Krýsuvíkur. Örnefnastofnun Íslands.

Aðrar heimildir:

Landmótun: Greinagerð um með deiliskipulagi 2013.

Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir.

Heimildarmaður: Jónatan Garðarsson Lóuási 2, 220 Hafnarfjörður.